

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 8. maí 2010

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 555 um Vinnumarkaðsstofnun.

Almennt hefur Bandalag háskólamanna ekki á móti sameiningu stofnana enda eru margar stofnanir ríkisins smáar og geta átt erfitt með að uppfylla stjórnsýslulegar skyldur sínar.

Bandalag háskólamanna telur hins vegar að sameining Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins í eina stofnun vegi að óhæði vinnueftirlits á Íslandi og skapi hættu á hagsmunaárekstrum. Í öllum ríkjum ESB er vinnueftirlit í sjálfstæðum stofnunum. Að hafa vinnueftirlit og vinnumiðlun undir sömu stjórn skapar hættu að hagsmunárekstrum þar sem eftirlit með vinnuaðstæðum og það að vilja tryggja sem flestum atvinnu getur rekist á.

Sameining þessara stofnana virðist frekar vera sameiningarinnar vegna frekar en að búast megi við rekstrarhagræðingu. Stefnt var að sameiningu Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlitsins og Tryggingarstofnunar ríkisins. Utanað komandi ráðgjafar hófu þá vinnu sl. haust og ræddu þeir m.a. við forsvarsmenn bandalagsins. Viðhorf þeirra er ræddu við BHM virtist ekki vera að afla upplýsinga eða kynna sér mögulega kosti eða galla sameiningar heldur að sannfæra viðmælendur sína um ágæti fyrirhugaðrar sameiningar. Drög að skýrslu munu hafa verið gerð en ekki hefur verið unnt að fá hana til yfirlestrar, þrátt fyrir óskir þar um. Einhverri hagræðingu er þó gert ráð fyrir í yfirstjórn nýrrar stofnunar og húsnæðismálum og áætlað að sá sparnaður geti numið 3% af núverandi rekstrarkostnaði. Við sameiningu stofnana sem báðar búa við mikið álag þar sem starfsmenn vinna oft og iðulega ólaunaða yfirvinnu er hætt við að orka starfsmanna hætti að beinast í rétta átt. Gert er ráð fyrir því að með sameiningu og breyttu stjórnskipulagi væri unnt að fækka störfum um 5-7. Í þessum undirmönnuðu stofnunum þar sem starfsmenn búa við mikið álag og komast alls ekki yfir að sinna öllum þeim verkefnum sem þeim eru falin verður þetta að teljast hæpið. Ef um einhverja krafta losnar væri eðlilegra að sinna mikilvægum verkefnum stofnananna betur.

Ekki verður séð að faglegt starf þessara stofnana muni eflast við sameiningu. Verkefni eru af mjög ólíkum toga og sérfræðingar hvorrar stofnunar eru með faglega kunnáttu á mjög mismunandi sviðum. Vinnumálastofnun sinnir þó eftirliti með starfskjörum á vinnumarkaði, þ.m.t. erlendu vinnafli. Nánara samstarf þessara stofnana eða tilfærsla þess verkefnis gæti verið til bóta en ekki verður séð að það knýi á um sameiningu þeirra.


Nýrri stofnun er ætlað aukið hlutverk á sviði starfsendurhæfingar, þar með að samræma starfshæfnismat, þróa að og ákvarða mælitæki og aðferðir til matsins og einnig að annast af



opinberri hálfu skipulag starfsendurhæfingar. Ekki er að finna skýringar á því hvers vegna starfhæfnismati er betur fyrirkomid í þessari stofnun frekar en hjá Tryggingastofnun ríkisins sem fram til þessa hefur annast örorkumat.

BHM telur það hins vegar mjög jákvætt að komið sé á formlegu samráði um vinnumarkaðsmál þar sem aðilar vinnumarkaðarins fundi með reglulegum hætti með félags- og tryggingamálaráðherra.

Virðingarfyllt,
f.h. Bandalags háskólamanna


Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri.